

Fréttatilkynning

Reykjavík, 13. nóvember 2003.

Sláturfélag Suðurlands Afkoma fyrstu níu mánaða ársins 2003

Rekstrartap Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til september 2003 var 30,0 milljónir, en á sama tímabili árið áður var 14,5 milljón króna rekstrartap. Afkoma fyrir fjármagnsliði batnar um 38 milljónir, en aukin fjármagnsgjöld og tap af rekstri hlutdeildarféлага leiða til 15 milljón króna lakari afkomu milli ára. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er áfram góð með eigið fé rúmar 1.188 milljónir og 46% eiginfjárlutfall.

Rekstrartekjur Sláturfélags Suðurlands voru 2.398 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2003, en 2.667 milljónir á sama tíma árið áður og minnkuðu um rúm 10% aðallega vegna mikillar verðsamkeppni á kjötmarkaðnum. Veltusamdrætti hefur verið mætt með lækkun rekstrarkostnaðar.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 2.238 milljónum á fyrri hluta ársins 2003 samanborið við 2.546 milljónum árið áður og minnka um 12%. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 115 milljónir sem er óbreytt frá fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 45 milljónir, en 7 milljónir króna árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 36 milljónir, en á árinu á undan voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 16 milljónir. Undir fjármagnsliðum er 23 milljón króna gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 14 milljónir.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 35 milljónir en árið áður 28 milljónir. Skattar voru 4 milljónir. Tap af rekstri tímabilsins var 30,0 milljónir en 14,5 milljónir árið áður.

Veltufé frá rekstri var 141 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2003, samanborið við 85 milljónir frá rekstri fyrir sama tímabil árið 2002.

Í lok september 2003 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 2.605 milljónir og höfðu lækkað um 326 milljónir frá áramótum. Skammtímaskuldir voru 499 milljónir, langtímaskuldir 918 milljónir og eigið fé 1.188 milljónir. Eiginfjárlutfall var 46% í lok september 2003, en var 45% á sama tíma árið áður. Veltufjárlutfall var 1,7 í lok september 2003, en 0,9 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 78 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins, aðallega í tækjabúnaði kjötiðnaðar og í sláturhúsinu á Selfossi. Fjárfest var í félögum fyrir 51 milljón, en aukið var hlutafé í Gullfoss og Ferskum kjötvörum.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur

Rekstur	2003	2002	2002	2001	2000	1999
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.	jan-sep	jan-sep				
Rekstrartekjur.....	2.398,3	2.667,4	3.708,8	3.468,2	3.097,5	2.878,6
Rekstrargjöld án afskrifta.....	2.238,3	2.545,5	3.488,9	3.251,6	2.794,3	2.609,2
Afskriftir.....	115,1	114,8	154,4	147,0	136,1	124,0
Rekstrarhagnaður (tap).....	44,9	7,1	65,5	69,6	167,1	145,4
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(36,4)	15,8	6,1	(124,3)	(68,2)	(15,2)
Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarfélaganna.....	(34,9)	(27,7)	(45,0)	1,9	1,4	3,8
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	(26,4)	(4,8)	26,6	(52,8)	100,3	134,0
Tekju- og eignarskattur.....	(3,6)	(9,7)	(7,6)	(5,8)	(9,8)	(10,9)
Hagnaður (tap) ársins.....	(30,0)	(14,5)	19,0	(58,6)	90,5	123,1
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	140,5	84,9	171,3	159,7	269,5	242,7

Efnahagur	30.9.2003	30.9.2003	2002	2001	2000	1999
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.						
Fastafjármunir.....	1.772,8	1.847,9	1.804,2	1.764,9	1.586,0	1.473,6
Veltufjármunir.....	832,6	776,9	1.127,6	1.159,8	935,0	773,4
Eignir samtals.....	2.605,4	2.624,8	2.931,8	2.924,7	2.521,0	2.247,0
Eigið fé.....	1.188,4	1.177,9	1.216,7	1.184,6	1.179,8	1.076,2
Þar af A og B-deild stofnsjóðs.....	410,3	411,3	411,2	419,3	410,6	407,3
Langtímaskuldir.....	918,4	627,5	864,3	845,5	867,7	764,3
Skammttímaskuldir.....	498,6	819,4	850,8	894,6	473,5	406,5
Skuldir samtals.....	1.417,0	1.446,9	1.715,1	1.740,1	1.341,2	1.170,8

Kennitölur

Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	(1,3%)	(0,5%)	0,5%	(1,7%)	2,9%	4,3%
Veltufjárhlutfall.....	1,7	0,9	1,3	1,3	2,0	1,9
Eiginfjárhlutfall.....	46%	45%	42%	41%	47%	48%
Innra virði.....	2,9	2,9	3,0	2,8	2,9	2,6
Arðsemi eigin fjár.....	(3%)	(2%)	2%	(5%)	8%	12%

Nú í haust var undirritað samkomulag milli Kaupþings Búnaðarbanka hf. og SS Eigna ehf. dótturfélags Sláturfélags Suðurlands svf. um kaup félagsins á 100% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Kaupin og rekstur Reykjagarðs hf. koma inn í reikningsskil Sláturfélagsins á síðasta ársfjórðungi 2003.

Árshlutauppgjörið er með könnunaráritun endurskoðenda sem og árið áður. Við gerð þess er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaáðferðum og á fyrra ári. Reikningsskilin eru verðleiðrétt. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði tap tímabilsins orðið 5 milljónum herra og eigið fé 53 milljónum lægra.

Horfur

Afkoma félagsins á fyrri árshelmingi ársins 2003 var óviðunandi og einkenndist af mikilli verðsamkeppni og offramboði á kjöti á markaðnum sem hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Ekki er gert er ráð fyrir að aukið jafnvægi náist á kjötmarkaðnum fyrr en kemur fram á árið 2004.

Afkoma Sláturfélagsins hefur jafnan verið þyngst framan af árinu en best á síðasta ársfjórðungi. Þetta stafar m.a. af afkomu afurðadeildar en umsvif hennar aukast við haustslátrun sauðfjár. Til að bæta afkomu sauðfjárslátrunar var sláturhúsið að Laxá aflagt í haust.

Aðhaldi verður áfram beitt í rekstri félagsins, en gripið hefur verið til þess að draga úr útgjöldum auk þess sem fjárfestingar hafa verið dregnar saman. Gert er ráð fyrir að afkoma félagsins batni á síðasta ársfjórðungi.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 13. nóvember 2003
Sláturfélag Suðurlands svf.